



Fjölmíðlafrumvarpið

Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindi án takmarkana. Þannig segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrirmæli um að blaðamaður upplýsi hver sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur velgarnir sjá á milli sín. Slíkar takmarkanir koma þó á mjög gaumgæmlega athugun.

- **Yfirlit Málsmæðferð fjölmiðlafrumvarps á Alþingi**

Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. grein sáttmálans. Málavextir voru mjög óþægilegir. Þó Goodwin, ungur blaðamaður, var ákær fyrir brotið, sem fjallar um vískafræðisáhrif, lekk í hendur trúnaðarskrif og fyrirtækið Tetra væri í kröggum. Fyrirtækið fór fyrir rétt í því augnamiði að komast að því hvaða starfsmaður hefði lekið þessum upplýsingum.

- **Hlutdrægni? Fréttir af fjölmiðlafrumvarpinu**



Pressuball

- **Blaðamanna verðlaun**
- **Fjölmenningur aðalfundur B.Í.**
- **Siðanefndarúrskurðir**

Fjölmiðlafrumvarpið er kyngingardómi og samræðingur. Þetta er einn af þeim málum sem hafa verið á dagskrá dómstólls í þessum máli. Þetta er einn af þeim málum sem hafa verið á dagskrá dómstólls í þessum máli. Þetta er einn af þeim málum sem hafa verið á dagskrá dómstólls í þessum máli.



EFNÍ BLAÐSINS



Fjölmiðlafrumvarpið

- 4 Fjölmiðlafrumvarpið:
Málsmeðferðin á Alþingi
- 8 Birgir Guðmundsson:
Hlutdrægni og fréttir af fjölmiðla-
frumvarpinu

Umræðan

- 11 Hvað þýðir hvað?
- 16 Blaðamannaverðlaun:
Greinargerð dómnefndar
og myndir frá pressuballi

Blaðamannafélagið

- 12 Aðalfundur:
Fréttir frá aðalfundi
Ályktun aðalfundar
- 22 Úrskurðir Siðanefndar

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Forsíðumynd: Fréttaljósmynd ársins/Pjetur Sigurðsson

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
netfang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00–14.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



Forsíðumyndin

Róbert Marshall afhendir Fríðu Björnsdóttur
heiðursmerki Blaðamannafélags Íslands á
aðalfundi á dögnum.

Mynd: (C) MOTIV-MYND, Jón Svavarsson

Blaðamenn og fjölmiðlafrumvarp

Fjölmiðlar hafa verið í kastljósi fjölmiðla síðustu vikur og mánuði. Tilfnið er ekki sjálfhverf heimssýn fjölmiðlamanna sjálfra, sem oft eru sakaðir um að vilja helst af öllu segja tíðindi hver af öðrum. Þvert á móti. Fjölmiðlar hafi verið í umræðunni vegna þess að þeir eru einn mikilvægasti þáttur þess lýðræðiskerfis sem við viljum búa við og þetta mikilvægi þeirra hefur öðru fremur verið á dagskrá sjónmálaumræðunnar upp á síðkastið. Það er vegna þessa mikilvægis sem umræðan um eignarhald á fjölmiðlum er til komin og það er mikilvægt að þetta grundvallaratriði tynist ekki í öllu því moldviðri sem geisar um þessi mál nú. Umræðan um nauðsynina á fjölbreytni í fjölmiðlum og takmarkanir á eignarhaldi er síður en svo bundin við Ísland, heldur hefur hún komið upp í nær öllum lýðræðisríkjum með einum eða öðrum hætti. Þannig hefur Evrópuráðið gefið út ákveðin tilmæli í þessum efnunum sem ýmsar þjóðir taka mið af. Þess ber þó vitaskuld að gæta að aðstæður eru afar ólíkar í hverju landi fyrir sig þannig að endanleg útfærsla á reglum um fjölmiðla - reglum sem eiga að tryggja fjölbreytni þeirra - hlýtur alltaf að vera í höndum viðkomandi stjórnvalda.

Miklar deilur hafa skapast um þær leikreglur sem íslensk stjórnvöld hafa hugsað sér að setja íslenskum fjölmiðlum. Í reynd hefur það þó ekki síður verið aðferðafræðin sem beitt er við setningu þessara reglna en reglurnar sjálfar, sem hefur orkað tvímælis. Enda tvinnast saman í þessu máli efnisinnihald og aðferðafræði. Á aðalfundi Blaðamannafélagsins var samþykkt ályktun gegn þeirri tilteknu úrfærslu sem boðuð var í frumvarpi forsætisráðherra, en þess sérstaklega gætt að ályktunin útilokaði á engan hátt að eðlilegt gæti verið að settar yrðu reglur um eignarhald og til tryggingar fjölbreytni. Innan blaðamannastéttarinnar sjálfrar eru uppi ólíkar skoðanir um fjölmiðlafrumvarpið rétt eins og meðal alls almennings og umræða og umfjöllun um málið hafa sett fjölmiðlafólk í mjög erfiða stöðu, þar sem það er oft hvort tveggja í senn, frumlag og andlag fréttar af málinu. Þetta hefur kallað á ýmis stóryrði um að einstakir fjölmiðlar hafi „fallið á prófinu“ og er þá verið að vísa til einshvers konar hlutleysis í umfjölluninni. Raunar hafa ásakanir komið fram úr ræðustóli Alþingis um að umfjöllun tiltekinna fjölmiðla um frumvarpið sýni nauðsyn þess að setja lög sem brjóti upp eignarhaldið. Slíkar yfirlýsingar eru ótrúlegar í sjálfa sér, en benda þó til að í hugum einhverra ráðamanna í það minnsta, sé tilgangur laganna ekki að auka fjölbreytni, heldur að ritskoða út óæskilega umfjöllun í völdum fjölmiðlum. Ritskoðun getur hins vegar aldrei orðið leiðarljós setningar reglna um íslenska fjölmiðla.

Hlutleysiskrafan er þó í raun aukaatriði, ef fjölmiðlar fjalla á annað borð af hlutlægni og sanngirni um mál. Flest bendir til að umfjöllunin hafi í öllum aðalatriðum verið hlutlæg í fjölmiðlunum, þó stillinn og efnistökin í blöðunum séu óhjákvæmilega önnur en á ljósvakamiðlunum. Í hönd fara forsetakosningar og að þeim loknum munu hefjast átök um fjölmiðlafrumvarpið fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna í ágúst. Líklegt verður að teljast að mikill hiti verði í umræðunni og að samhliða lendi blaðamenn æ oftast í því að vera beint eða óbeint andlag sinna eigin skrifa. Þá mun reyna verulega á hlutlægni þeirra og meðalhóf í umfjöllun og hvort þeir gefa þeim sjónarmiðum gaum sem raunverulega skipta máli. Hugsi þeir að þessum grundvallarþáttum faglegrar blaðamennsku verður gagnrýni stjórnmalamanna léttvæg.

Birgir Guðmundsson.

Stjórn BÍ:

Róbert Marshall, Stöð 2, formaður
Arna Schram, blaðamaður Mbl., varaformaður
Jóhann Hliðar Harðarson, fréttam. Stöð 2/Bylgjan, ritari
Arndís Þorgeirsdóttir, blaðamaður DV, gjaldkeri
Björgvin Guðmundsson, blaðamaður Mbl.
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari DV
Haflíði Helgason, blaðamaður Fréttablaðinu

Varamenn:

Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is
Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður Fróða
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður Fréttablaðinu

Samningaráð:

Róbert Marshall, Stöð 2.
Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.
Varamenn:
Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir, Fróða.
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða
Hilmar Karlsson, varaform., DV
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson

Dagblaðið/Visir:

Arndís Þorgeirsdóttir

Stöð 2/Bylgjan:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson

Fréttablaðið:

Kristján Hjálmarsson

Fróði:

Fríða Björnsdóttir

Heimur:

Anna Margrét Björnsson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri
Stefán P. Eggertsson, fulltrúi útgefenda
Hreinn Pálsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður
Jóhannes Tómasson blaðamaður
Þór Jónsson, blaðamaður



Fjölmiðlafrumvarpið & Alþingi – yfirlit



Eftir Birgi Guðmundsson

Fjölmiðlafrumvarpið svokallaða biður þess nú að verða borið undir þjóðar-atkvæði, í kjölfar synjunar Ólafs Ragnars Grímssonar á staðfestingu þess. Frumvarpið var sem kunnugt er samþykkt á Alþingi með 32 atkvæðum gegn 30. Frumvarpið er með heitari málum sem rædd hafa verið á hinum pólitíska vettvangi sl. áratug eða svo.

Mikil umræða

Alls báðu þingmenn 866 sinnum um orðið í þessari umræðu og haldnar voru 136 þingræður og auk þess komu 723 athugasemdir fram í ræðustóli Alþingis. Alls stóð umræðan í 82 klukkustundir og 8 mínútur og meðallengd hvorrar þingræðu var tæplega hálf klukkustund (28,1 mínúta). Allir þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu atkvæði gegn frumvarpinu en tveir stjórnarliðar treystu sér ekki til að greiða því atkvæði, það var framsóknarfólklið Kristinn H. Gunnarsson sem greiddi atkvæði gegn frumvarpinu og svo Jónína Bjartmarz sem sat hjá og vildi láta „stjórnarskrána njóta vafans“ eins og hún orðaði það.

Frumvarpið tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins og eru þó

þrjár þeirra stærstar. Eftir aðra umræðu var bætt inn þeirri undanþágu að ef veltan hjá markaðsráðandi fyrirtæki er undir 2 milljörðum á ári þá má það eiga meira en 5% í ljósvakafjölmiðli. Fyrir þriðju umræðu komu síðan þær breytingar, að þak á almenna eignaraðild í ljósvakafyrirtæki var hækkað úr 25% og upp í 35% og ákvæði til bráðabirgða í lögnum var breytt þannig að nú var útvarpsréttarnefnd heimilt að framlengja útvarpsleyfi sem falla úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Þar með var ljóst að ekki yrði skorið á þegar útgefin leyfi, sem talið var ein helsta


tæki sem hefur útvarpsleyfi. Þetta á þó ekki við um markaðsráðandi fyrirtæki með minna en 2ja milljarða ársveltu.

3. Óheimilt er að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 35% í viðkomandi fyrirtæki.
4. Óheimilt er að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það fyrirtæki eða annað í sömu samstæðu á einhvern hlut í eða er útgefandi að dagblaði.

Með frumvarpinu fylgir greinargerð um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði en þá greinargerð vann sérstök nefnd sem þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich skipaði í desember sl. Skýrsla nefndarinnar hefur af flestum verið talin vel unnið plagg og þar er að finna bæði greiningu á stöðunni á fjölmiðlamarkaði hér á landi, yfirlit um reglur og lög í viðmiðunarlöndum okkar og tillögur um hugsanlegar leiðir hér á landi.

Skýrsla fjölmiðlanefndar Nefndin vann greinargerð sína algerlega án þess að kalla til samráðs við sig neina

utanaðkomandi aðila, þrátt fyrir að bæði Norðurljós og Bládamannafélagið, svo einungis séu nefndir þeir aðilar sem opinberlega hafa tjáð sig um það mál, hafi sérstaklega leitað eftir sliku. Erindin frá þessum aðilum bárust raunar aldrei nefndinni, heldur stoppuðu þau í menntamálaráðuneytinu þar til nefndin hafði skilað af sér. Þetta undirstríkar það eðli nefndarinnar að hún var fyrst og fremst fagleg ráðgjafanefnd en ekki samráðsvettvangur um málið í heild sinni. Frumvarpið er sagt byggt á



ögnin við ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins.

Helstu ákvæði frumvarpsins

Annars snúast ákvæði frumvarpsins um að breyta fjórum grundvallatriðum sem varða eignarhald á fjölmiðlum:

1. Sá sem ekki hefur fjölmiðlarekstur að meginmarkmiði getur ekki fengið útvarpsleyfi.
2. Fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta má ekki eiga meira en 5% í fyrir-

vinnu nefndarinnar, en greinilegt er að búið er að velja úr tillögum nefndarinnar tiltekna þætti og setja inn í frumvarpið. Enda tók nefndin það skýrt fram að hún liti svo á að það væri pólitísk ákvörðun að ákveða hvaða leiðir yrðu í raun farnar og þá ákvörðun myndi nefndin ekki taka. Segja má að frumvarpið taki upp ákveðna útfærslu á einni tillögu nefndarinnar, þ.e. að binda útgáfu útvarpsleyfa ákveðnum skilyrðum um eignarhald og byggja á því meginatriði. Tillögur nefndarinnar eru þó mun fjölbreyttari og má draga þær saman í 5 atriði.

1. Að efla RÚV. Það út af fyrir sig að hafa RÚV á markaði setur ákveðnar skorður við möguleikum einkarekinna stöðva í eigu fárra aðila til að sölsa undir sig markaðinn.
2. Að efla samkeppnislög.
 - a. Skorður verði settar við eignaraðild sömu aðila á dagblöðum og ljósvakamiðlum. (Ekki endilega bann).
 - b. Skyllt verði að veita upplýsingar um breytingar á eignarhaldi.
3. Leyfisveitingar á útvarpsleyfum verði háðar strangari skilyrðum en nú.
 - c. Í því sambandi er m.a. bent á að gera megi sjálfstæði ritstjórna eða fréttastofa að einu slíku skilyrði. Raunar talar nefndin í þessu sambandi um að setja svipuð ákvæði í prentlög gagnvart dagblöðum.
 - d. Önnur skilyrði fyrir útvarpsleyfi geti tengst eignaraðild og slík skilyrði verði þá ymist sértæk eða almenn. Í þessu samhengi er þó sérstaklega varað við því að slík skilyrði kunni að fela í sér afturvirkni.
4. Skorður verði settar við eignarhaldi útlendinga utan EES-svæðisins
5. Gripið verði til aðgerða sem tryggja sem best má verða sjálfstæði ritstjórna og blaða- og fréttamanna. (sbr. 3b)

Það vekur athygli að nefndin reifar möguleikann á því að taka upp einhvers konar ríkisstyrki líkt og tíðkast víða í nágrannalöndum okkar og eins er víðruð hugmynd um að koma á fót sérstakri Fjölmíðlastofnun, en ekki er þó gerð sérstök tillaga um þetta í skýrslunni.



Pólitísk ábyrgð

Eins og þessi lauslega upptalning gefur til kynna valdi hin pólitíska forusta úr þessum „konfekt-kassa“ hugmynda nokkra mola sem vel rima við þær áherslur sem forsætisráðherra hafði áður sett fram opinberlega varðandi þetta mál. Í ræðu á Viðskiptapingi þann 11. febrúar lét Davíð Oddsson m.a. í ljós hugmyndir um aðskilnað milli eignarhalds á ljósvakamiðlum og dagblöðum, að takmörk yrðu sett á hve mikið markaðsráðandi aðilar mættu eiga í ljósvakamiðlum og að tryggt yrði að eignaraðild að fjölmiðlum yrði dreift. Öll þessi atriði hafa síðan ratað inn í frumvarpið eins og sjá má hér að ofan. Það liggur því nokkuð ljóst fyrir að útfærslan á frumvarpinu er á pólitíska ábyrgð ríkisstjórnarinnar en ekki fjölmiðlanefndarinnar, enda lýstu einstaka nefndarmenn því beinlínis yfir að frumvarpið gengi að ýmsu leyti lengra og væri öðruvísi en skýrsla nefndarinnar.

Málsmeðferð á þingi

Eins og alkunna er þróuðust mál þannig að skýrsla fjölmiðlanefndar menntamálaráðherra og frumvarp forsætisráðherra voru kynnt samtímis í ríkisstjórn, en þá hafði skýrslan verið

tilbúin í eina tíu daga, en ekki verið gerð opinber. Málsmeðferðin á Alþingi sætti í framhaldinu verulegri gagnrýni og ekki sist sú krafa allsherjarnefndar að umsagnir um frumvarpið þyrftu að vera komnar til baka til nefndarinnar aðeins 2-3 dögum eftir að þær voru sendar út. Niðurstaðan var hins vegar sú að umsagnarfræsturinn var framlengdur um nokkra daga. Leitað var til fjölmargra aðila til að fá umsögn um frumvarpið og málið í heild sinni og alls eru í skjalasafni skráð 52 formleg erindi til allsherjarnefndar sem tengjast þessu máli. Margt af því eru einfaldlega upplýsingar tæknilegs eðlis eða skýrslur af einhverju tagi sem ekki geta flokkast sem umsögn um frumvarpið sem slíkt. Sé þessi erinda-listi hins vegar greindur niður má sjá að á honum eru um 34 formlegar umsagnir eða erindi sem beint má tengja frumvarpinu og/eða afstöðu til þess hvernig og hvort þinginu beri að afgreiða það.





Gera verður ráð fyrir að erindi hafi verið send þeim sem málið varðar með einhverjum hætti og því ætti að endurspeglast í þeim umsögnum sem gefnar eru nokkuð upplýst viðhorf eða sjónarmið til þess gernings sem verið var að framkvæma. Hér á eftir verður reynt að greina örlítið þau sjónarmið sem fram koma í umsögnum og erindum til að varpa ljósi á annars vegar hvernig skoðanir þökkalega upplýstra aðila úti í samfélaginu voru á frumvarpinu og svo hins vegar til að sjá hvort þessar athugasemdir hafi skipt máli við endanlega afgreiðslu frumvarpsins.

Umsagnir flokkaðar

Alls voru kannaðar 34 umsagnir, um frumvarpið, þar á meðal eru allar umsagnir sem svo eru flokkaðar hjá Alþingi. Þarna eru hins vegar ekki með þau erindi sem flokkast geta undir upplýsingar eða skýrslur. Umsagnirnar koma bæði frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og er afskaplega misjafnt hve mikið er í þær lagt. Í eftirfarandi flokkun eru þessi atriði skoðuð:

1. Hvort fram komi í umsögninni ósk eða tillaga um að afgreiðslu þingsins á málinu verði frestað um tiltekinn tíma, t.d. fram á haust. Slík frestun myndi þá gefa tækifæri til viðtækari og fyllri umræðu um álitamál.
2. Hvort fram komi í umsögninni efnisleg afstaða til frumvarpsins. Í þessu atriði er einblínt á hvort afstaðan tengist þessu tiltekna frumvarpi, ekki því hvort t.d. viðkomandi telur að einhverjar reglur kunni að eiga rétt á sér. Flokkunin á þessu atriði er fjórskipt. Mjög neikvæð afstaða til frumvarpsins, neikvæð afstaða, jákvæð afstaða og loks mjög jákvæð afstaða til frumvarpsins. Jafnframt eru þeir teknir sérstaklega til hliðar sem ekki taka efnislega afstöðu og þeir flokkaðir sem „afstaða óþekkt“. Í þessum hópi eru umsagnaraðilar sem ekki vilja gefa umsögn af ýmsum tæknilegum ástæðum.
3. Þá er skoðað sérstaklega hvort umsagnaraðilar hafi gert athuga-


semdir við þau tímamörk sem þeir höfðu til að skila inn umsögnum sínum. Er þá ekki gerður greinarmunur á þeim sem skiluðu inn áður

varpi og fyllri umræðu af einhverju tagi. Tæplega 56% umsagnanna gera slíka frestun að umtalsefni og hlýtur það að skoðast sem lágmarkstala, því hugsanlegt er að einhverjir hafi ekki talið eðlilegt að geta sérstaklega um slíka frestunarhugmynd í umsögn sinni. Það virðast því hafa komið fram nokkuð skýr skilaboð til allsherjarnefndar um að frestun málsins hafi verið æskileg. (Mynd 1)

2. Afstaða til frumvarpsins:

Í þeim umsögnum sem sendar voru allsherjarnefnd um frumvarpið kom fram einhvers konar efnis-

leg afstaða í tæplega þremur af hverjum fjórum erindum. Yfirgnæfandi fjöldi þeirra sem á annað borð einhver afstaða kom fram hjá var andvígur frumvarpinu eða 92%. Þar af voru um 60% mjög andvíg frumvarpinu. Einungis tvær umsagnir voru jákvæðar, sem svara samtals til um 8% þeirra umsókna þar sem afstaða kom fram. Sé hins vegar heildin skoðuð (Mynd 2), einnig þær umsagnir þar sem engin afstaða kom fram, þá kom fram „mjög neikvæð“ afstaða í um 44% umsagnanna og „neikvæð“ umsögn í rúmlega 23% þeirra. Jákvæðu umsagnirnar tvær svara til tæplega 3% hvor en umsagnir þar sem engin afstaða kom fram í nema um 26,5% af heildinni. Rétt er að undirstrika að það kann að vera matsatriði í hvorn flokkinn rétt er að flokka umsagn-




en skilafrestur var framlengdur um nokkra daga og hinum sem skiluðu inn eftir þá tilkynningu.

4. Þá var það kannað í umsögnunum hvort þar kæmi fram að menn væru hlynntir einhvers konar reglum – almennt og óháð þessu frumvarpi – sem tryggðu fjölbreytni fjölmiðla eða hvort þeir teldu að engar slíkar reglur þyrfti.
5. Áhersla umsagnaraðila á að ná þurfi samstöðu um þetta mál og eðlilegt sé að verja til þess meiri umræðu var einnig könnuð, en þetta er einmitt eitt þeirra atriða sem Ólafur Ragnar Grímsson lagði áherslu á í yfirlýsingu sinni þegar hann synjaði lögnum staðfestingar.
6. Loks var það kannað hvort í umsögnunum kæmi fram tilvísun til þess að samhliða þessum lögum eða í tengslum við þau yrði að gera eitthvað í málefnum RÚV.

1. Frestun:

Nokkur meirihluti þeirra sem gáfu umsögn un frumvarpið tóku sérstaklega fram að eðlilegt væri að fresta málinu eitthvað til þess að unnt væri að ná fram betra frum-



irnar, þ.e. hvort þær eigi t.d. að falla í flokkinn „mjög neikvæð“ eða flokkinn „neikvæð“. Hins vegar er samræmi í flokkuninni innbyrðis enda er það sami flokkunarmaður sem flokkaði allar umsagnirnar. Ekkert er hægt að fullyrða um þann flokk umsagna þar sem engin afstaða er gefin upp, en viðbúið er að þar hafi viðkomandi aðilar haft einhverjar skoðanir en ekki séð ástæðu til að láta þær koma fram. Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því – t.d. að viðkomandi telur að ekki hafi gefist nægur tími til að fara almennilega yfir málið og því engin umsögn gefin önnur en sú sem felst í yfirlýsingunni um timaleysi.


3. Tímastresturinn til umsagnar:

Mjög áberandi var í umsögnum að aðilar nefndu sérstaklega hve skammur tími var gefinn til umsagnar. Raunar voru þónokkrir aðilar sem töldu sig einfaldlega ekki geta gefið umsögn sem stæði undir nafni á jafn skömmum tíma og menn höfðu. Samtals kom gagnrýni á tímaskort fram í rúmlega 61% þeirra umsagna sem til skoðunar eru. (Mynd 3) Um sjónarmið þeirra sem ekki nefna tíma í þessu samhengi er eðlilega lítið hægt að segja, en engu að síður er ljóst að það hlutfall umsagna sem nefna þetta sérstaklega bendir til mjög viðtækrar gagnrýni, enda kom það jafnframt fram í almennum umræðum og fréttum af málsmeðferðinni.

4. Vilji til að setja einhverjar reglur:

Ljóst er að neikvæð afstaða til þessa tiltekna frumvarps felur ekki í sér að menn séu neikvæðir gagnvart því að setja einhverjar reglur um fjölmiðla og umhverfi þeirra. Þvert á móti er ljóst af umræðunni að nokkuð viðtæk sátt er um að setja reglur um málið og t.d. liggur fyrir órædd tillaga til þingsályktunar frá Samfylkingunni sem fjallar einmitt um þessa og skylda hluti. Segja má að í umsögnunum til allsherjarnefndar hafi þetta komið fram og

álitsgjafar viljað láta vita af þeirri skoðun sinni að þó þetta frumvarp falli ekki í kramið þá gæti eitthvað annað frumvarp gert það. Þannig kemur það fram hjá 47% umsagnaraðila að fyrrabragði að þeir telja einhvers konar reglur um fjölmiðla skynsamlegar. Einungis einn, eða 3% af heildinni telur engar reglur nauðsynlegar. Einungis kemur fram skoðun hvað þetta varðar í helmingi umsagnanna, en 50% þeirra nefna þetta mál ekkert. (Mynd 4)



5. Mikilvægi samstöðu:

Það er fróðlegt að skoða áherslur umsagnaraðila á nauðsyn þess að þessi málaflokkur sé ræddur og að um hann náist samstaða. Þegar þær umsagnir eru taldar saman sem nefna þetta sérstaklega kemur í ljós að tæp 30% telja ástæðu til að taka þetta fram sérstaklega. (Mynd 5)

6. Að hafa RÚV með:

Í umræðunni um frumvarpið jafnt sem í umsögnum sem hér eru skoðaðar kom iðulega fram það sjónarmið að óeðlilegt væri að hreyfa við grundvallarforsendum rekstrar á fjölmiðlamarkaði án þess að staða Ríkisútvarpsins væri jafnframt tekin inn í myndina. Þetta gerði góður fimmtungur umsagnanna að umtalsefni með einhverjum hætti og hér eins og áður er fullkomlega óljóst hverjar skoðanir annarra eru á málinu. (Mynd 6)

Samantekt

Til viðbótar þessum erindum voru fjólmargir kallaðir fyrir allsherjarnefndina og fram kom í fréttum og umræðupátt-

um hjá Bjarna Benediktssyni formanni nefndarinnar að mikill fjöldi lögfræðinga hafi verið í þeim hópi. Í kjölfarið tók frumvarpið þeim mildandi breytingum sem að ofan greinir. Það er hins vegar forvitnileg spurning hvort þær breytingar hafi gengið nægjanlega langt í ljósi þess hversu alvarlegar og viðtækar athugasemdirnar eru í umsögnunum hér að ofan. Þannig var augljóslega ekki orðið við hugmyndum um frestun málsins. Neikvæð efnisleg afstaða til málsins er viðtæk og ljóst er að þeim athugasemdum sem gerðar eru í skriflegu umsögnunum er ekki nema að litlu leyti mætt í endanlegri gerð frumvarpsins. Þeim tímaramma sem upphaflega var settur til að skila umsögnum var hins vegar vissulega hnikað til um einhverja daga til að koma til móts við athugasemdir, og ljóst er að einhverjir gátu notfært sér það. Hvort hins vegar hugmyndir og sjónarmið um nauðsyn samstöðu hafi fengið hljómgrunn í málsmeðferð-

inni má eflaust deila um, en þær breytingar sem framkvæmdar voru áttu vissulega að lægja öldur. Breytingarnar miðuðust við að ná samstöðu í stjórnarflokkunum um málið, en gera verður ráð fyrir að stjórnarþingmenn hafi í þeim efnum að einhverju leyti endurspeglad sjónarmið úti í samfélaginu og sjónarmið sem fram komu í hinum skrifuðu umsögnum. Loks er athyglisvert hve margir virðast telja eðlilegt að setja einhverjar reglur um fjölmiðla, þó þeir leggist gegn nákvæmlega þessu tiltekna frumvarpi. Gera verður ráð fyrir að margir hafi talið eðlilegra að heildstæðara frumvarp kæmi fram – og það að fimmtungur umsagna skuli að fyrra bragði nefna RÚV styrkir einmitt þá niðurstöðu.

Í heildina er því ljóst að málsmeðferðin við afgreiðslu frumvarpsins var afar sérstök. Margar ræður voru haldnar og margar umsagnir bárust. Hins vegar virðist ljóst að breytingar á frumvarpinu voru ekki í hlutfalli við þá miklu gagnrýni sem á það kom, hvorki úr ræðustól Alþingis né í formlegum umsögnum til allsherjarnefndar.



Hlutdrægni og fréttir af fjölmiðlafrumvarpi



Eftir Birgi Guðmundsson

„Niðurstaða þessarar rannsóknar, líkt og annarra rannsókna á skynjun á hlutdrægni (perceived bias), dregur fram þá klípu sem nútíma fréttamiðlar standa frammi fyrir: Til að sinna störfum sínum samkvæmt fyllstu siðferðilegum kröfum, þurfa blaðamenn að draga fram öll sjónarmið í málum. En einmitt það að draga fram öll sjónarmið – og draga þannig upp mynd sem er í jafnvægi – er líklegt til að kalla fram ásakanir um að þeir séu hlutdrægir frá lesendum, sem einblína á þá þætti fréttumfjöllunarinnar sem þeir eru ósammála.“

(D'Alessio, Dave, „An experimental examination of readers' perceptions of media bias“; *Journalism and Mass Communication Quarterly*; Columbia; Summer 2003 Vol.80, 2 bls. 281)

Með þessum orðum lýkur Dave D'Alessio prófessor við Connecticutháskóla grein, sem hann birti fyrir tæpu ári í virtu bandarísku fræðitímariti um blaðamennsku og boðskipti. Í þessari grein er hann að segja frá niðurstöðum rannsóknar sem hann gerði á því hvernig lesendur skynja hlutdrægni fjölmiðlaefnis og sérstaklega er hann að fiska eftir því hvort fyrri rannsóknarniðurstöður annarra fræðimanna um tiltekin atriði verði staðfestar í þessari rannsókn. Það sem D'Alessio vildi komast að var m.a. hvort sú niðurstaða fengist í hans rannsókn sem haði komið fram í rannsóknum annarra, að það hefði mikil áhrif hvort lesandi telur að tiltekið fjölmiðlaefni eða frétt sé hlutdræg eða ekki, ef fyrirfram er búið að gefa til kynna að hlutdrægni af einhverju tagi kunni að vera þar að finna. Jafnframt vildi hann kanna hvort tvær tilgátur, sem byggðar eru á rannsóknum annarra, stæðust. Annars vegar sú tilgáta að menn séu líklegri til að skynja fjölmiðlaefni sem hlutdrægt ef umfjöllunarefnið snertir lesandann á tiltekinn hátt. Hins vegar sú tilgáta að lesandi sé líklegri til að telja efni þar sem fram koma fullyrðingar sem hann er ósammála hlutdrægt en efni sem lesandinn er sammála. Þessar tilgátur reyndust réttar samkvæmt rannsókninni sem hann síðan gerði, en hún fólst í því að bera saman með kerfisbundnum hætti viðbrögð háskólanema við fréttum sem búið var að útbúa samkvæmt kúnstarrinnar reglum.

Rímar við fyrri rannsóknir

Það sem rannsókn D'Alessio dregur fram er hversu varasamt það getur verið að slá fram fullyrð-

ingum um það hvort fjölmiðlar séu hlutdrægir eða hlutlausir. Hann er, eins og áður segir, að byggja á fjölmörgum rannsóknarniðurstöðum og athugunum sem fræðimenn í boðskipta- og fjölmiðlafræðum hafa gert síðastliðin ár og áratugi og allar benda þessar rannsóknir til að það séu ákveðin lögmál eða tilhneigingar í gangi þegar kemur að því hvernig fjölmiðlaneytendur skynja hlutdrægni. Þannig fellur niðurstaða D'Alessio vel að fyrri kenningum hvað það varðar að hafi lesandi skoðun á efnisinnihaldi ráði það miklu um hvort þeim finnist fréttin eða efnistökin hlutdræg. Eins og D'Alessio segir í tilvitnuninni hér að ofan, þá tekur fólk betur eftir og skynjar sterkar það sem það er ósammála og er því líklegt til að sjá hlutdrægni í umfjöllun sem við hlutlæga skoðun reynist í fullkomnu jafnvægi. Svipaðir hlutir hafa áður verið mældir, m.a. í bandarískri pólitík, þar sem sá hópur sem lesandi tilheyrir reynist hafa veruleg áhrif á hvernig einstaklingurinn skynjar hlutdrægni. Þannig þótti



t.d. demókrötum í einni rannsókn fjölmiðlaumfjöllun á ákveðnum tíma hliðholl repúblikönunum en repúblikönunum þótti þessi saman umfjöllun hins vegar hliðholl demókrötum. Jafnframt er sú niðurstaða D'Alessio, að ef lesanda er gefið tilefni til að búast við hlutdrægni, þá sé hann líklegri

til að skynja hlutdrægni í takt við fyrri rannsóknarniðurstöður um svipuð efni. Rétt er að undirstrika að D'Alessio er hér á nokkuð þekktum slóðum í fræðilegri umræðu um hlutdrægni og í raun má líta á grein hans sem nýlega staðfestingu á megintraumi fræðilegra skrifa um þetta efni.

Úttekt RHA

Í umræðunni um fjölmiðlafrumvarpið og umfjöllun fjölmiðla um þetta frumvarp hafa iðulega komið fram ásakanir um að fjölmiðlar hafi „fallið á prófinu“ eða að þeir hafi synt af sér mikla og skylausu hlutdrægni. Þessar ásakanir hafa yfirleitt komið frá stjórnmalamönnum eða hagsmunaaðilum eða þá fólki sem sjálft hefur haft mjög sterkar skoðanir eða tilheyrir einhverjum tilteknum hópum. Í ljósi þess sem að ofan greinir um hina fræðilegu umræðu ætti slíkt ekki að koma á óvart. Hins vegar er ekki þar með sagt að fjölmiðlaumfjöllun um fjölmiðlafrumvarpið kunni ekki að hafa verið hlutdræg með einhverjum hætti. Þetta hefur einfaldlega ekki verið kannað nema að litlu leyti.

Ásakanir um hlutdrægni urðu þó til þess að Fréttastofa Stöðvar 2 óskaði eftir því að Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði úttekt og samanburð á fréttum Stöðvar 2 annars vegar og Ríkissjónvarpsins hins vegar. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hefur m.a. verið birt á vef Blaðamannafélagsins, press.is. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum var enginn teljandi munur á umfjöllun þessara stöðva um fjölmiðlamálið. Í greinargerð sinni með niðurstöðunum segir Kjartan Ólafsson félagsfræðingur hjá RHA um þetta:

„Ásakanir um hlutdrægni urðu þó til þess að Fréttastofa Stöðvar 2 óskaði eftir því að Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði úttekt og samanburð á fréttum Stöðvar 2 annars vegar og Ríkissjónvarpsins hins vegar. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hefur m.a. verið birt á vef Blaðamannafélagsins, press.is. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum var enginn teljandi munur á umfjöllun þessara stöðva um fjölmiðlamálið. Í greinargerð sinni með niðurstöðunum segir Kjartan Ólafsson félagsfræðingur hjá RHA um þetta: Þegar litið er á efnistöð og afstöðu með eða á móti í fréttum Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 af fjölmiðlafrumvarpinu svokallaða er niðurstaða þessarar athugunar alveg skýr hvað það varðar að enginn teljandi munur virðist vera milli stöðvanna á meðhöndlun málsins. Nokkur munur er á því vægi sem umfjöllun um málið fær á hvorri stöð þegar litið er á fréttatitling af fjölmiðlafrumvarpinu sem hlutfall af heildarlengd fréttatíma hvorrar stöðvar á athugunartímanum. Þessi munur endurspeglar hins vegar ekki í því vægi fréttanna

sem lesa má úr röðun þeirra innan einstakra fréttatíma eða hvort þeim er skipað í yfirlit helstu fréttanna.“


Þessi niðurstaða er fyrir margra hluta sakir athyglisverð. Ýmsum hefur eflaust komið á óvart að ekki hafi verið hægt að greina meiri mun á fréttatitlingi og efnistöðum þessara stöðva en raun ber vitni, sérstaklega í ljósi þess að Stöð 2 hafði legið undir nokkuð almennu ámæli fyrir að flytja hlutdrægar fréttir. Verður að gera ráð fyrir að hér hafi að verulegu leyti verið að verki þau áhrif sem D'Alessio fjallar um og vel þekkt eru úr alþjóðlegri fræðilegri umræðu. Fjölmiðlamálið er umdeilt og þeir sem skoðanir hafa á því hafa tekið betur eftir skoðunum sem þeir voru ósamála en hinum. Sömuleiðis hafði umræðan verið á þann veg, að Stöð 2 væri hagsmunaaðili í málinu og því hafa áhorfendur frekar búist við að fréttir þaðan kynnu að vera hlutdrægar, sem aftur veldur því að þeir skynja fréttirnar sem hlutdrægar.


Prentmiðlarnir

Ekki liggur fyrir nein sambærileg hlutlæg úttekt á prentmiðlum þegar þessar línur eru skrifaðar, en ólíklegt verður að teljast að dagblöðin séu með sama hætti „hlutlaus“ í fréttum og ljósvakamiðlarnir. Veldur þar bæði að dagblöðin lúta nokkuð öðrum lögmálum en ljósvakinn og að blöðin eru mjög ólík innbyrðis. Þannig felur síðdegisblaðastíllinn sem DV hefur valið sér beinlínis í sér að taka afstöðu til mála og draga með sterkum hætti fram ákveðna hluti. Blaðið hefur stillt sér upp sem andstæðingi fjölmiðlafrumvarpsins og tekur áberandi afstöðu bæði í leiðurum, pistlum, fréttum og uppsláttum á forsiðunni. Þetta er vel þekkt tegund blaðamennsku að utan þótt hún hafi ekki fyrr en nú náð sér á strik hér á landi. Morgunblöðin tvö hins vegar hafa valið aðra leið. Þar er gerður skýr greinarmunur á milli fréttanna og skoðanaálka og fréttirnar hafa á sér yfirbragð hlutlægni og jafnvægis. Þar myndi hlutdrægnin fyrst og fremst birtast í fréttamati og framsetningu og þó ekki liggi fyrir nein efnisgreining á umfjöllun þeirra kæmi ekki á óvart þótt þar mætti greina ákveðna afstöðu til bæði þessa máls sem og annarra. Slíkt væri enda í samræmi við þá hefð sem hér er varðandi dagblöðin að þar hafa menn getað greint ákveðin sjónarmið eða lífsskoðanir. Áður fyrr tengdist það stjórnmalaflokkum, en á seinni árum væri e.t.v. nær að tala um að þetta tengdist almennari hugmyndafræði og sýn á samfélagið.

Hlutleysishefð

Varðandi sjónvarpsfréttirnar hins vegar er fróðlegt að velta fyrir sér hvernig á því standi að jafn litill munur sé á umfjöllun þeirra og raun ber vitni. Sá sem þetta ritar hefur





Áhersla á umræðu um tiltekin efnisatriði, greint eftir sjónvarpsstöðvum

haft tækifæri til að skoða nokkur þeirra gagna sem Rannsóknarstofnun Háskólans aflaði í rannsókn sinni, þar á meðal útskrift af fréttum sjón-

varpsstöðvanna um fjölmiðlafrumvarpið. Líkindin í efnistöku

eru sláandi oft á tíðum og mjög gjarnan eru nákvæmlega sömu atriði tekin fyrir, í sömu röð og með sömu eða afar samþæringum viðmælendum. Tvennt má draga fram í þessu sambandi sem kann að skýra þetta.

Í fyrsta lagi er ljósvakahefðin á Íslandi – eins og raunar mjög víða annars staðar – mótuð af hefð sem búin var til á Ríkisútvarpinu. RÚV hefur í gegnum árin verið þjóðarútvarp og þar hefur verið kosið í pólitískri hlutfallskosningu útvarpsráð sem bæði hefur haft ákveðið ritstjórnar- og ráðningarvald. Frá fyrstu tíð hefur RÚV því farið afar gætilega þegar kemur að umdeildum þjóðfélagsmálum og eins og lesa má í fjölmiðlasögu Guðjóns Friðrikssonar hafa útvarpsstjórnar í gegnum árin stært sig af því að hafa staðið vörð um hlutleysi útvarpsins. Þetta birtist lengi vel í

því að RÚV fjallaði varla um stjórnsmál og síðan þegar það gerðist var tekið afar varlega á þeim. Þeir sem síðan móta fréttastefnu Stöðvar 2 þegar hún kemur til sögunnar eru aldir upp á RÚV og því er ekki óeðlilegt að ætla að í ljósvakanum sé hér eins konar „hlutleysis- hefð“ sem skýra má með sögulegum skírskotunum.

Í öðru lagi er það eðli umfjöllunarinnar í sjónvarpsfréttum. Mjög margar fréttir ljósvakans og þá sérstaklega sjónvarps snúast um að greina frá atburðum og yfirlýsingum sem fram hafa komið þann daginn og síðan að leita eftir viðbrögðum við því. Þetta eru fréttir um staðreyndir, atburði og orðræðu þar sem viðkomandi gerendur koma fram og tjá sig í mynd („Talking heads“). Þetta er ekki síst tilfellið í máli eins og fjölmiðlamálinu, sem er að verulegu leyti samræða milli stjórnmálamanna og því er kannski ekki óeðlilegt að efnistöku tveggja stöðva sem eru að fara í loftið á nánast sama tíma sé svipuð.

Búast má við ásökunum

EKKI er að efa að fjölmiðlar, bæði dagblöð og ljósvakamiðlar munu verða undir smásjá bæði stjórnmála-



manna og hins almenna borgara á þeim vikum eða mánuðum sem eru fram að þjóðaratkvæðagreiðslu um fjölmiðlafrumvarpið. Það er meira að segja viðbúið að athyglin muni verða enn meiri á þeim nú en var þegar fjölmiðlafrumvapið fór í gegnum þingið þar sem átökin milli fylkinganna sem munu takast á í þessari þjóðarakvæðagreiðslu munu fyrst og fremst fara fram í fjölmiðlunum. Í ljósi upphafstilvísunar þessarar greinar í D'Alessio, má fastlega gera ráð fyrir því að blaðamenn verði sakaðir um hlutdrægni – jafnvel þó þeir vinni störf sín af heiðarleika og samkvæmt ströngustu siðferðilegu kröfum. Mikilvægt er að blaðamenn dansi ekki eftir slíkum ásökunum og þeir eiga ekki að láta þær hafa áhrif á sig. Mikilvægast er að þeir gæti þess – sem þeir munu án efa gera – að vinna af fagmennsku og heiðarleika en láta ekki upphrópanir trufla sig um of.

Helstu heimildir:

D'Alessio, Dave, (2003). „An experimental examination of readers' perceptions of media bias“ *Journalism and Mass Communication Quarterly*. Columbia; Summer 2003. Vol 80, Iss.2.

Gunther, Albert C; Christen, Cindy T; Liebhart, Janice L; og Chih-Yun Chia, Stella (2002). „Congenial Public, Contrary Press, and Biased Estimates of the Climate of Opinion.“ *Journal of Communication* 52, Mars 2002

Kjartan Ólafsson (2004) „Fjölmiðlafrumvarpið og fréttirnar, sam-
anburður á fréttáflutningi Stöðvar 2 og Ríkissjónvarpsins af fjölmiðlafrumvarpinu vorið 2004“. Skýrsla unnin af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri fyrir fréttastofu Stöðvar 2. (óútgefin)

Guðjón Friðriksson (2000) *Njjustu fréttir. Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Iðunn 2000

Hvað þýðir hvað?

Á umræðuvef Blaðamannafélagsins, press.is, hefur að undanförunu farið fram nokkur umræða um hvort og hvenær hlutir séu „on record“ eða „off record“. Flestir blaðamenn nota þetta og fleiri hugtök meira og minna daglega, enda er hér um að ræða alþjóðlegt tungutak sem hefur allveg sérstaka merkingu. Til áréttingar og fróðleiks fyrir nýja félagar er ekki úr vegi að rifja upp þessi helstu alþjóðlegu hugtök, en fjögur hugtök (úr ensku) eru yfirleitt notuð um samskipti við heimildarmenn og viðmælendur:

1. On the record (hafa eftir e-m): Allt sem sagt er gæti verið notað í fréttina og hver sagði hvað. Fullt nafn viðmælanda og hver tengsl hans við málið eru.
2. Off the record (í trúnaði): Blaðamaðurinn/fréttamaðurinn getur ekki notað þessar upplýsingar – hvorki með því að vísa til heimildamanns eða með því að vísa ekki til hans. Blaðamaðurinn getur

hins vegar notað upplýsingarnar til að halda áfram að rannsaka mál eftir öðrum leiðum.

3. On background (hafa ekki eftir e-m): Hægt er að nota það sem sagt er – líka sem beina tilvitnun – án þess þó að nafngreina þann mann sem verið er að vitna í. Venjan þá að benda á hversu mikið viðkomandi tengist málinu.
4. On deep background (hafa alls ekki eftir): Mjög viðkvæmt að tengja heimildarmanninn við þessar upplýsingar og ekki má vitna beint í hann. Upplýsingunum má hins vegar koma á framfæri, en án þess að bera heimildina fyrir því. Hægt að fá staðfestingu annars staðar.

Rétt er að undirstrika að þessi hugtök hafa enga formlega lagalega stöðu eða hafa fengið afgreiðslu hjá einhverri formlegri stofnun eða aðila í samfélaginu. Hins vegar er hér um að ræða alþjóðlegan skilning blaðamanna, sem gildir að sjálfsgöðu um íslenska blaðamenn jafnt sem aðra.





Fjölmenur aðalfundur

Langfjölmenasti aðalfundur Blaðamannafélagsins að minnsta kosti síðustu 20 árin var haldinn í Síðumúlanum þann 26. apríl. Markaðist fundurinn mjög af umræðum um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Umræðurnar voru liflegar en mjög málefnalegar og greinilegar þungi undir niðri meðal fundarmanna. Fundurinn samþykkti samhljóða ályktun þar sem frumvarpinu var mótmælt, en ályktunartilögu þess efnis að félagið legðist alfarið gegn laga-setningu um fjölmiðla var vísað frá. Ályktun aðalfundarins má lesa hér til hiðar.

Á fundinum fóru að öðru leyti fram venjuleg aðalfundarstörf. Róbert Marshall formaður B.Í., flytur skýrslu formanns á aðalfundinum. Jóhannes Tómasson, Jóhann Hlíðar Harðarson og Steingrímur Sævarr Ólafsson fylgjast með.

Einungis smávægilegar breytingar urðu á forustu félagsins og kom einn nýr inn í stjórnina. Geir Guðsteinsson, fyrrum stjórnarmaður gaf ekki kost á sér til endurkjors og voru honum þökkúð störf í þágu félagsins. Arndís Þorgeirsdóttir DV, sem átti sæti í varastjórn var kjörin inn í aðalstjórn í stað Geirs og inn í varastjórn í stað Arn-



Róbert Marshall, formaður B.Í., flytur skýrslu formanns á aðalfundinum. Jóhannes Tómasson, Jóhann Hlíðar Harðarson og Steingrímur Sævarr Ólafsson fylgjast með.

disar kom Svanborg Sigmarsdóttir, Fréttablaðinu.

Tvær breytingar urðu á síðanefnd félagsins. Nýr fulltrúi útgefenda er Stefán Eggertsson, sem þar situr tilnefndur af Morgunblaðinu. Þá gaf Pétur Gunnarsson ekki kost á endurkjöri sem varamaður í síðanefnd og var Þór Jónsson, fréttamaður kjörinn í hans stað.

Á aðalfundinum var Fríðu Björnsdóttur afhent heiðursmerki félagsins en hún var ein þeirra sem tilkynnt var um að fengi merkið við afhendingu Blaðamannaverðlaunanna á Hótel Borg nokkrum dögum fyrir aðalfund-

inn. Fríða komst hins vegar ekki á þann fagnað en tók við merkinu úr hendi formanns á aðalfundinum.

Þá var nefnd vegna blaðamanna-verðlauna kjörin í fyrsta skipti á aðalfundi. Í henni eiga sæti þau sömu og stjórnin tilnefndi til að veita verðlaunin í fyrsta skipti nema Elín Pálmadóttir sem ekki gaf kost á sér í nefndina. Eftirtalin eru í nefndinni: Birgir Guðmundsson, Elín Albertsdóttir, Sigmar Guðmundsson, Lúðvík Geirsson og Jóhannes Tómasson, sem var kjörinn í nefndina í stað Elínar Pálmadóttur.

Myndir: (C) MOTIV-MYND, Jón Svavarsson

AÐALFUNDUR



Svo margir voru á fundinum að þeir sem komu seint urðu að standa.



Fríða Björnsdóttir fékk afhent heiðursmerki félagsins á fundinum, en hún hafði ekki komist til að taka við því á pressuballinu nokkrum dögum fyrr. Hér ávarpar hún fundarmenn.



Aðalfundurinn var sá fjölmennasti í manna minnum og jafnframt mjög fjörugur og líflugar umræður urðu um fjölmíðlafrumvarpið.



Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, gerir grein fyrir reikningum. Fram kom að fjárhagsleg staða Blaðamannafélagsins er mjög sterk.



Mikil þátttaka var utan úr sal í umræðum og hér er Björgvin Guðmundsson (lengst til hægri) með orðið ...



... og hér lýsir Geir Andersen (fyrir miðju, standandi) sínum sjónarmiðum.



Þór Jónsson og Jóhanna Vilhjálmisdóttir í umræðum á fundinum. Fundarstjórinn, Jóhannes Tómasson, Jóhann Hlíðar Harðarson og Róbert Marshall hlýða á.

Ályktun aðalfundar Blaðamannafélags Íslands

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands, haldinn 26. apríl 2004, lýsir harðri andstöðu við frumvarp ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum, en verði það að lögum munu strangari reglur gilda um slíkt eignarhald hér á landi en í flestum viðmið-unarlöndum okkar.

Með frumvarpinu er starf hundruða manna sett í uppnám og lífsviðurværi þúsunda í óvissu. Blaðamannafélagið hvetur alþingismenn til að taka málið til ítarlegrar skoðunar, ábyrgð þeirra er mikil, enda getur frumvarpið ef það verður að lögum leitt til þess að fjöldi manna missi vinnu sína.

Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er til þess fallið að draga úr mætti frjálsra fjölmiðla á Íslandi og skerða möguleika þeirra til framþróunar. Það veikir þessa fjölmiðla fjárhagslega, sem leiðir til þess að þeir verði vanmáttugri í gagnrýninni um-

fjöllun um málefni samfélagsins og síður líklegir til að veita valdhöfum nauðsynlegt aðhald.

Ótækt er að frumvarp, sem getur haft svo víðtæk áhrif á afkomu fjölda fólks og fyrirtækja, fái ekki vandaðri undirbúning en raun ber vitni og vandséð er hvernig slík vinnubrögð geti samrýmst lýðræðislegum háttum. Aðalfundurinn hvetur til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga, en efnisatriði fyrirbyggjandi frumvarps munu tæplega fá viðunandi umræðu á opinberum vettvangi eigi að samþykkja það sem lög fyrir þingfrestun í vor.

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands fordæmir jafnframt að félagið var sniðgengið við skipan nefndar, sem skilaði skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum sem nú liggur til grundvallar frumvarpinu, og að þátttöku fulltrúa félagsins og stéttarinnar í starfi nefndarinnar var hafnað.



Blaðamanna- verðlaun 2003

Blaðamannaverðlaun Íslands fyrir árið 2003 voru afhent í fyrsta sinn á vel heppnuðu pressuballi á Hótel Borg síðasta vetrardag, eða þann 21. apríl síðastliðinn. Verðlaun voru veitt í þremur flokkum og það voru þrjár einstaklingar sem hlutu verðlaunin. Samhliða var þremur félögum veitt heiðursmerki B.Í. þeim Kára Jónassyni, Friðu Björnsdóttur og Jónasi Kristjánssyni.

Dómnefnd verðlaunanna gerði grein fyrir vali sínu á þeim þremur félögum sem verðlaunaðir voru. Verðlaunahafarnir og rökstuðningurinn var þessi:

Rannsóknarblaðamenska ársins

Brynhildur Ólafsdóttir, Stöð 2, fyrir öfluga umfjöllun um varnarmál og boðaða brottför hersins.

Rökstuðningur:

Fréttir Brynhildar um herstöðvarmálið og fyrirhugaðan

niðurskurð í varnarviðbúnaði á Keflavíkurflugvelli síðast liðið sumar vörpuðu nýju ljósi á samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda og drógu meðal annars fram að málið hafði verið á borði ríkisstjórnarinnar frá því viku fyrir kosningarnar í maí. Við vinnslu þessara fréttar þurfti Brynhildur að velta við steinum bæði hér á landi og í Bandaríkjunum, enda var sumt af því sem hún fjallaði um flokkað sem trúnaðarmál. Unnið var úr þessum rannsóknum af þekkingu og fagmennsku og því tókst henni að flytja landsmönnum áhugaverðar fréttir sem skiptu allan almenning verulegu máli.

Besta umfjöllun ársins

Reynir Traustason, Fréttablaðinu, fyrir frumkvæði og heildstæða umfjöllun um rannsókn Samkeppnisstofnunar á samráði olíufélaganna.



Prúðbúið fjölmenni var á pressuballinu á Hótel Borg.

Rökstuðningur:

Fréttir Reynis Traustasonar þar sem greint var frá niðurstöðum úr frumskýrslu Samkeppnisstofnunar settu allt samfélagið á annan endann í fyrirasumar. Ekki eingöngu sýndi Reynir útsjónarsemi við að komast yfir þessar fréttæmu upplýsingar heldur fylgdi í kjölfarið umfjöllun af hans hálfu sem undirstrikar yfirsýn og skilning á hversu

Rökstuðningur:

Greinaflokkur Agnesar Bragadóttur „Baráttan um Íslandsbanka“ sem birtist í Morgunblaðinu í febrúar sameinar flest það sem einkennir vandaða blaðamennsku – fréttæmi, dýpt, hlutlægni og framsetningu. Þar var upplýst um ótrúleg baksviðsátök í íslensku viðskiptalífi og dregin upp heildstæð mynd af veruleika sem flestum landsmönnum

hafði verið hulinn áður. Mjög mikið af nýjum upplýsingum kom þarna fram og var allur þessi fróðleikur settur í samhengi þannig að skilningur almennings á hinum nýja og gjörbreytta veruleika íslensks viðskiptalífs er nú allur annar en áður. Greinaflokkurinn er í raun einstakt afrek og þegar til viðbótar kemur að Agnes er annar tveggja meginhöfunda annars stórs blaðamáls á síðasta ári, sem er umfjöllun Morgunblaðsins um skattamál Jóns Ólafssonar, þá er ljóst að Blaðamannaverðlaun ársins 2003 falla henni í skaut.

Viðmið dómnefndar

Alls barst á annað hundrað til-lagna til verðlaunanna og voru þær afar misjafnlega vel unnar og rökstuddar. Ljóst



Tveir fyrrum formenn ásamt konum sínum. F.v. Hjálmar Jónsson, Ingibjörg Klemensdóttir, Hanna Björk Lárusdóttir og Lúðvík Geirsson.

viðtæk áhrif þetta samráð hafði. Dögum saman leiddi Reynir með fréttum sínum af málinu umræðuna í þjóðfélaginu, og velti upp fjölmörgum flötum í málinu í eftirtektarverðri eftirfylgni með málinu. Þar komu við sögu hagsmunaaðilar í samgöngum og sjávarútvegi, stjórnáamenn jafnt á landsvísi og í sveitarstjórnnum, landamæradeilur Samkeppnisstofnunar og Ríkislögreglu-stjóra, og spurningin um fyrningu meintra saka vegna samkeppnislagabrota.

Blaðamannaverðlaun ársins

Agnes Bragadóttir, Morgunblaðinu, fyrir afhjúpanði greinaflokk sinn Baráttan um Íslandsbanka og hennar hlut í umfjöllun blaðsins um skattamál Jóns Ólafssonar.



Arna Schram, varaformaður B.I., lengst til vinstri, Björn Jóhann Björnsson, blaðamaður á Morgunblaðinu og einn þeirra sem tilnefndur var til verðlauna, Edda Traustadóttir og Helga Guðrún Gunnarsdóttir.

var þó að ritstjórnir og fréttastofur flestra fjölmiðla höfðu tekið sig til og farið yfir það efni sem menn töldu verðskulda viðurkenningu. Sá stjórn B.Í. enda til þess að hnippt væri í forráðamenn ritstjórna í þessu skyni, enda mikilvægt að tillögur kæmu sem víðast að. Dómnefndarmenn fóru engu að síður lauslega yfir árið upp á eigin spýtur og kölluðu eftir gögnum um mál sem ekki höfðu verið tilnefnd, en kynnu að verðskulda



Geir A. Guðsteinsson, Halldóra Jónsdóttir ásamt manni sínum, Reyni Traustasyni, og Sigmundur Ernir Rúnarsson.

þurft að velta við steinum og skoða þá kima sem ekki eru augljósir í daglegu amstri. Skipuleg vinnubrögð og úrvinnsla rannsóknarvinnu skipti í því sambandi máli. Stikkorð sem dómnefndin studdist við voru að vinnsla málsins hefði kallað á „rannsóknarvinnu“; „eftirfylgni“, og málið væri „mikilvægt“.

Loks varandi flokkinn „Blaðamanna-
verðlaun ársins 2003“ leit dómnefndin sérstakleg til þess hvort umfjöllunin vekti sérstaka athygli og skæri

sig úr annarri umfjöllun fyrir frumleika, fagleg vinnubrögð og væri með einhverjum hætti þýðingarmikið framlag til almannaheilla eða umbóta í samfélaginu. Stikkorð sem stuðst var við í þessum flokki voru: „ferskleiki/frumleiki“; „almannaheill/mikilvægi“ og „fagleg vinnubrögð“.

Tilnefningar í flokkum

Sú leið var farin – í samræmi við ákvæði í reglugerðinni um verðlaunin sem kynnt var í síðasta Blaðamanni – að dómnefnd tilkynnti þrjár tilnefningar í hverjum flokki kepptu um verðlaunin. Þessar þrjár tilnefningar voru kynntar opinberlega nokkru fyrir pressuballið og verðlaunahátíðina. Í þetta fyrsta sinn voru tilnefningarnar þessar:

Fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins voru þessi tilnefnd: Brynhildur Ólafsdóttir, Stöð 2, fyrir öfluga umfjöllun um varnarmál og boðaða brottför hersins.



Róbert Marshall formaður nærir hér heiðursmerki B.Í. í barn Kára Jónassonar, fréttastjóra Útvarps.

viðurkenningu. Óhjákvæmilegt þótti að gera slíkt þótt meginreglan sem lagt var upp með væri að velja úr þeim framlögum sem tillögur höfðu verið gerðar um.

Dómnefndin gaf sér í upphafi og áður en nokkuð var farið að skoða tilnefningar nokkra viðmiðunarpunkta varðandi hvern flokk fyrir sig til að miða við. Í stuttu máli má taka þá punkta saman á eftirfarandi hátt.

Varðandi flokkinn „Besta umfjöllun ársins 2003“ vildi dómnefndin horfa til eftirfylgni í máli og þess hvort verið væri að gera flókið mál aðgengilegt og upplýsandi fyrir almenning. Hér skipti miklu hvort umfjöllunin hefði tæmt málið og tekið fyrir allar hliðar þess sem máli skipta. Stikkorð sem dómnefndin studdist við voru að umfjöllunin væri: „upplýsandi/skiljanleg“; „heilðstæð“; „mikilvæg“.

Varðandi flokkinn „Rannsóknarblaðamennska ársins 2003“ vildi dómnefndin horfa til þess að blaðamaður hefði



Tveir dómnefndarmenn Blaðamanna-
verðlaunanna. Birgir Guðmundsson, formaður dómnefndar, og Elin Pálmadóttir.



Verðlaunahafar Blaðamannaverðlaunanna 2003. Reynir Traustason, Brynhildur Ólafsdóttir og börn Agnesar Bragadóttur, þau Sunna og Sindri Viðarsbörn.

Guðrún Helga Sigurðardóttir, Frjálsri verslun, fyrir kortlagningu á viðskiptaveldi Gaums, sem sett var fram á myndrænan og skýran hátt.

Þórhallur Gunnarsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Stöð 2, fyrir umfjöllun sína í Íslandi í bítíð um kynlífsmarkaðinn hér á landi þar sem m.a. var flett ofan af ólöglegu vændi í bílskúr í Hafnarfirði.

Fyrir bestu umfjöllun ársins voru þessi tilnefnd: Agnes Bragadóttir og Ómar Friðriksson, Morgunblaðinu, fyrir ítarlega umfjöllun um skattamál Jóns Ólafssonar.

Reynir Traustason, Fréttablaðinu, fyrir frumkvæði og heildstæða umfjöllun um rannsókn Samkeppnisstofnunar á samráði oliufélaganna.



Elin Pálmadóttir afhendir Brynhildi Ólafsdóttur verðlaunin fyrir rannsóknarblaðamennsku.



Elin Albertsdóttir afhendir Reyni Traustasyni verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins. Lúðvík Geirsson dómnefndarmaður fylgist með.

Unnur Hrefna Jóhannsdóttir, Mannlífi, fyrir upplýsandi úttekt þar sem ljósi er varpað á þann grimma veruleika, sem HIV-smitaðir einstaklingar á Íslandi búa við.

Til blaðamannaverðlauna ársins: Agnes Bragadóttir, Morgunblaðinu, fyrir afhjúpandi greinaflokk sinn Baráttan um Íslandsbanka og hennar hlut í umfjöllun blaðsins um skattamál Jóns Ólafssonar.

Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðinu, fyrir hlutlæg og umfangsmikil skrif um stóriðju og virkjanamál á tilfinningaþrungnum umbrotatímum.

Reynir Traustason, Fréttablaðinu, fyrir beitt fréttaskrif og forystu í fréttuumfjöllun um samráð oliufélaganna og rannsókn Samkeppnisstofnunar.

Störf dómnefndar

Í dómnefnd áttu sæti þau Birgir Guðmundsson (formaður), Elin Albertsdóttir, Elin Pálmadóttir og Lúðvík Geirsson. Sigmar Guðmundsson sem skipaður hafði verið í dómnefndina forfallaðist og gat ekki tekið þátt í störfum hennar að þessu sinni. Störf dómnefndarinnar gengu vel en hún hafði frekar þröngan tíma til ráðstöfunar þannig að páskarnir fóru meira og minna í dómnefndarstörf og lestur á því efni sem tillögur höfðu verið gerðar um. Ekki kom til þess að dómnefndarmenn þyrftu að greiða atkvæði um neina af tilnefningunum eða endanlegum verðlaunum, heldur ræddu menn saman þar til niðurstaða fékkst. Eitt atriði voru menn þó sammála um að kynni að vanta inn í reglur um verðlaunin og þann farveg sem þetta hefur tekið en það eru verðlaun fyrir viðtal eða mjúkt efni, ef svo má segja. Vissulega má segja að slíkt efni megi flokka undir einhvern

flokkanna þriggja, en engu að síður var það niðurstaða umræðna í dómnefndinni að góð viðtöl stæðu höllum fæti gagnvart öðrum tegundum efnis eins og þetta er í dag. Það er því umhugsunarefni fyrir stjórn félagsins hvort ástæða sé til að bæta við einum flokki verðlauna þar sem tekið er tillit til þessa.

Umfjöllun um verðlaunin var talsverð í fjölmiðlum og þótt ýmsar gagnrýnisraddir hafi heyrst bæði á tilnefningar- og verðlaunahugmyndina annars vegar og á umgjörðina og tilstandið hins vegar, þá má ætla að verðlaunin hafi skilað hlutverki sínu, sem var að hvetja stéttina til fagmennsku með því að draga athyglina að því sem vel hefur verið gert.

Myndir: ÞÓK



Verðlauna- gripurinn

Verðlaunagripur Blaðamannaverðlaunanna er steypur penni sem stendur framan við kompás eða áttavita. Hönnun verðlaunagripsins er samstarfsverkefni nokkurra aðila en frumhönnun eða frumhugmyndina að útliti átti Margrét Kroyer útlitshönnuður hjá Ásprenti á Akureyri. Það voru síðan formaður Blaðamannafélagsins ásamt nokkrum stjórnarmönnum í samvinnu við fyrsta formann dómnefndar verðlaunanna sem sáu um útfærslu á hugmyndinni og gáfu henni þá skirskotun sem hún síðan fékk. Málmosteypan Hella í Hafnarfirði sá um að steypa gripinn í brons og gefa honum sína endanlegu áferð.

Hugmyndin með verðlaunagripnum er tvíþætt. Í fyrsta lagi er penninn tákna ritlistarinnar eða frásagnarinnar og þó ljósvakamiðlar séu til skoðunar jafnt sem prentmiðlar breytir það ekki hinni gamal-

grónu tákmynd pennans – sbr. að starfsmenn ljósvakamiðla eru í Blaðamannafélaginu. Í öðru lagi gefur kompásinn í bakgrunni þá skirskotun að þessi tiltekni penni sé að vísa mönnum réttu leiðina. Að þau skrif sem hann er tákna fyrir séu stefnumarkandi fyrirmynd fyrir þá sem eru í faginu. Raunar má líka sjá út úr kompásnum píluspjald ef menn svo kjósa og þá má segja að hér sé á ferðinni penni sem hefur hitt í mark.

Ekkert formlegt nafn er komið á þennan verðlaunagrip, en heyrst hafa nöfn eins og „Pressupenninn“ eða „Kompásinn“. Ekki mun hafa komið til umræðu í stjórn félagsins að gefa verðlaunagripnum opinbert nafn, ekki ennþá í það minnsta, og verður fróðlegt að sjá hvort annað hvort þessara eða eitthvað allt annað nafn festist við gripinn í daglegu tali.

*Verðlaunagripur
Blaðamannaverðlaunanna.*





Alvarlegt brot hjá DV



Mál 6 2003/2004

Kærendur:

Yfirlæknar á Kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Kærðu:

DV

Kæruefni:

Viðtal í DV 15. mars 2004 við mann um andlát barns hans á Kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss. Kæran er dagsett 17. mars en barst síðanefnd nokkru síðar og var fyrst tekin fyrir á fundi 15. apríl. Málið var einnig rætt á fundum 3., 10., 26. og 27. maí. Fulltrúar beggja aðila komu á fund nefndarinnar.

Málavextir:

DV greinir frá því að barn hafi andast á Kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss í nóvember 2002 í kjölfar legvatnsástungu. Faðir barnsins nafngreindir lækni deildarinnar og sakar hann um að hafa brugðist og að vegna aðgerðarleysis læknisins í kjölfar legvatnsástungunnar hafi barnið látist. Foreldrnir kærðu starfsfólk spítalans til landlæknis og síðar lög-

reglunnar. Fram kemur að foreldrnir hyggist að lokinni lögreglurannsókn höfða einkamál á hendur læknum með kröfu um að honum verði víkið úr starfi. Fram kemur að ítrekað hafi verið reynt að ná í umræddan lækni af hálfu blaðsins en hann ekki svarað skilaboðum.

Einnig kemur fram í viðtalinu að foreldrnir hafi eftir þetta eignast annað barn og er eftir maninum haft að þeir hafi ekki þorað að eignast það á LHS heldur farið til Skotlands. Það atriði reyndist á misskilningi byggt. Barnið fæddist á fæðingardeild LSH. Hins vegar var móðir barnsins send í sérstaka aðgerð til Skotlands sem ekki var unnt að gera á LHS. Þetta var leiðrétt í DV daginn eftir.

Yfirlæknar á Kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss kæra umfjöllun DV um málið. Segja þeir að einn lækni Kvennadeildarinnar hafi verið úthrópaður fyrir mistök í starfi þótt engar sönnur hafi verið færðar á að svo hafi verið. Í greinargerð þeirra segir m.a.: „Reyndar var hér um óhappatilvik að ræða og þekktur fylgikvilli við inngrip, sem í þessu tilviki var legvatnsástunga, og var hún framkvæmd vegna tiltekens sjúkdómsástands. Ennfremur er í grein DV vegið að starfsheiðri allra lækna á Landspítalanum en þar segir orðrétt: „Það er illa komið fyrir foreldrum þegar þeir þora ekki lengur að eiga börn sín á Landspítalanum vegna

óhæfra lækna sem virðast vaða þar uppi sama á hverju gengur“ og er það haft eftir Helga Magnúsi Hermannssyni, föður barnsins. Hér er gróflega vegið að læknum Landspítalans. Hafa skal í huga að á Kvennadeild Landspítalans fæðast 75% allra barna á Íslandi og burðarmálsdauði á Íslandi er með því lægsta sem þekktist í heiminum eða 4,4 tilfelli pr. 1000 fæðingar árið 2002.“

Í greinargerð kærðu er þess krafist að málinu sé vísað frá þar sem ofangreind villa hafi verið leiðrétt og ekki óskað leiðréttingar að öðru leyti. Kærendur hafi ekki hagsmuni af því að kæra nafnbirtingu læknisins. Ekki sé hægt að fjalla um mál sem þetta án þess að það snerti á einhvern hátt þá sem að því hefðu komið. Mat þeirra sé það að eðlilegt hafi verið undir þessum kringumstæðum að nafngreina lækinn sem í hlut átti þannig að ljóst væri við hvern væri átt. Það gæti varla hafa skaðað kærendur persónulega heldur þvert á móti. Er því haldið fram að framsetning DV um málið hafi ekki með neinum hætti verið óvönduð eða án tillitssemi. Jafnframt kom fram hjá kærðu



að DV hefðu engar óskir borist um leiðréttingu eða aðrar aðgerðir af hálfu blaðsins vegna fréttarinnar.

Umfjöllun:

Siðanefnd hafnar kröfu um frávisun enda hafa kærndur hagsmuna að gæta. Fréttin og nafnbirtingin snerta starf deildarinnar en ekki einungis þann lækni sem nafngreindur er.

Jafnframt hefur siðanefnd vissu fyrir því að kæra forráðamanna deildarinnar er send nefndinni með vitund og vilja umrædds læknis.

Siðanefnd telur eðlilegt að fjallað sé um mál sem þetta í fjölmiðlum. Það er frétt næmt en um leið er umfjöllunin viðkvæm og því vandasöm. Missögn í fréttinni var leiðrétt og telur siðanefnd að DV hafi ekki verið skylt að birta athugasemd sjúkrahússins í heild.

Eftir stendur nafn- og myndbirting. Á fundi með siðanefnd sögðu ritstjórar DV það stefnu blaðsins að birta nöfn þeirra sem um sé fjallað í fréttum nema í undantekningartilvikum, t.d. ef fórnarlamb á hlut að máli eða ef birtingin gæti vísað á fórnarlambið. Í því felist engin ásökun af hálfu blaðsins.

Siðanefnd telur að það hefði ekki rýrt gildi fréttarinnar þótt nafn læknisins og mynd af honum hefðu ekki verið birt og því hafi það verið óþarft. Sjónarmið föður barnsins um alvarlegt atvik koma engu að síður skýrt fram en með því að sleppa nafn- og myndbirtingu hefði verið sýnd nauðsynleg tillitssemi þegar haft er í huga að málið er í rannsókn og engin niðurstaða fengin. Í kærinni kemur fram að andlát barnsins hafi verið óhappatilik enda legvatnsástunga alltaf

áhættusöm aðgerð. Siðanefnd telur ekki hafa verið ástæðu til að vara við umræddum lækni.

Með því að birta nafn læknisins og mynd af honum telur siðanefnd DV hafa brotið ákvæði 3. greinar siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem segir að sýna beri fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.

Úrskurður:

Siðanefnd telur DV hafa brotið 3. grein siðareglna BÍ. Brotið er alvarlegt.

*Hjörtur Gíslason
Hreinn Pálsson
Jóhannes Tómasson
Sigurveig Jónsdóttir
Örn Valdimarsson*

Vísaoð frá

Mál nr. 1. 2004/2005

Kærandi:

Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.

Kærður:

Pröstur Emilsson, vaktstjóri Fréttablaðsins.

Kæruefni:

Kærð eru ummæli í rafpósti milli kærðs og kæranda í kjölfar viðtals við kæranda á Morgunvakt Ríkisútvarpsins 13. maí 2004.

Álit nefndarinnar:

Samskipti kærðs og kæranda, sem kærandi hefur forgöngu um, fara fram með gagnkvæmum skiptum á rafpósti, sem jafna má við einkasamtal á milli aðila. Formleg birting efnisins í skilningi 6. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands fer ekki fram.

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands tekur, að öðru jöfnu, ekki afstöðu til annarra álitaefna en þeirra sem sætt hafa formlegri birtingu í fjölmiðli. Almennt eru tjáningarfrelsi blaðamanna ekki frekari takmörk sett en öðrum þjóðfélagsþegnum. Siðanefnd getur ekki litið á upphaflegan rafpóst kærðs til kæranda sem hluta af ritstjórnarlegum störfum hans, sem falli undir siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Úrskurður:

Máli þessu er vísað frá Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

Mál nr. 2. 2004/2005

Kærandi:

Halldór Bjarnason.

Kærður:

Ingvi Hrafn Jónsson.

Kæruefni:

Kærð eru ummæli kærðs um forseta Íslands í þættinum Hrafnþing á Útvarpi Sögu 17. maí 2004.


Álit nefndarinnar:

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands telur aðild kæranda samkv. kærinni ekki uppfylla skilyrði 6. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands um eðlileg hagsmunatengsl milli kæranda og kæruefnisins. Af þessari ástæðu verður málið ekki tekið til efnislegrar umfjöllunar.

Úrskurður:

Máli þessu er vísað frá Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

*Reykjavík, 21. júní 2004.
Kristinn Hallgrímsson
Hreinn Pálsson
Hjörtur Gíslason
Sigurveig Jónsdóttir
Stefán P. Eggertsson*



Munið Styrktarsjóð B.Í.

Styrktarsjóður Blaðamannafélagsins á að hjálpa félagsmönnum að mæta óvæntum áföllum með fjárhagslegri aðstoð.

Mikilvægt er að félagsmenn kynni sér reglur um sjóðinn.

Meðal þess sem sjóðurinn aðstoðar vegna er:

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 90 þúsund kr. og að hámarki 180 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands er greidd að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 10 þúsund kr. á ári að 18 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Tryggingastofnun ríkisins.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Sjúkraþjálfun og –nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 20 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Frá ársbyrjun 2004 nemur styrkfjárhæð 250 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjógvanir:

Greiddur er 25% kostnaðar vegna tæknifrjógvanna samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 50 þús. á ári samkvæmt nánari reglum.

Heilsuhæli:

Greiddur er helmingur kostnaður, þó ekki meira en 50 þús. á ári vegna dvalar á viðurkenndum innlendum heilsuhælum samkvæmt nánari reglum